

STEFNA

Pórunn Guðmundsdóttir hrl.
LEX,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík.

Gjörir kunnugt: Að hún þurfi fyrir hönd Björgólfs Guðmundssonar, kt. 020141-7199, Vesturbrún 22, 104 Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Gunnari Erni Jónssyni, kt. 261181-5689, Rjúpufelli 5, 111 Reykjavík, og Óskari Hrafni Þorvaldssyni, kt. 251073-5039, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi, til ómerkingar ummæla, refsingar og miskabóta.

I. DÓMKRÖFUR.

Dómkröfur stefanda eru:

1. Að eftirfarandi ummæli í stafliðum A til D, verði dæmd dauð og ómerk:
 - A. Ummæli sem stefndi Gunnar Örn Jónsson, viðhafði um stefnanda á vefmiðlinum visir.is þann 27. júlí 2009:
 1. „[...] Björgólfur Guðmundsson [...] millifærð[i] milljarða úr Straumi yfir í erlend skattaskjól á sama tíma og tilkynnt var um þjóðnýtingu Glitnis.
 2. Sama dag og tilkynnt var að íslenska ríkið myndi eignast 75% hlut í Glitni hófust millifærslur á peningum frá Straumi og yfir á reikninga í fjölmörgum skattaskjólseyjum. Hátt í eitt hundrað reikningar voru stofnaði á skattaskjólseyjunum á að minnsta kosti tveimur vikum eftir þjóðnýtingu Glitnis. Björgólfsfeðgar [...] voru umsvifamiklir í þessum fjármagnsflutningum.
 3. Að auki voru fluttir peningar á reikninga í eigu eignarhaldsfélaganna Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga [...]. Millifærslurnar voru allar í evrum og bandaríkjadöllum og hljóðaði hver millifærsla upp á hundruðir, þúsundir og milljónir í viðkomandi myntum. Samkvæmt heimildum fréttastofu nam fjármagnið að minnsta kosti 70 milljónum evra en það eru 12,5 milljarðar króna.“

- B. Ummæli sem stefndi Gunnar Örn Jónsson, viðhafði um stefnanda í kvöldfréttatímum Stöðvar 2 27. júlí 2009:
1. *„Sama dag og tilkynnt var að íslenska ríkið myndi eignast 75% hlut í Glitni hófust millifærslur á peningum frá Straumi og yfir á reikninga á fjölmörgum skattaskjólseyjum. Hátt í eitt hundrað reikningar voru stofnaðir á skattaskjólseyjunum á að minnsta kosti tveimur vikum eftir þjóðnýtingu Glitnis. Björgólfsfeðgar [...] voru umsvifamiklir í þessum fjármagnsflutningum.*
 2. *Að auki voru fluttir peningar á reikninga í eigu eignarhaldsfélaganna Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga [...] Millifærslurnar voru allar í evrum og bandaríkjadöllum og hljóðaði hver millifærsla upp á hundruðir þúsunda og milljónir í viðkomandi myntum. Samkvæmt heimildum fréttastofu nam fjármagnið að minnsta kosti 70 milljónum evra en það eru 12,5 milljarðar króna .“*
- C. Ummæli sem stefndi Gunnar Örn Jónsson, viðhafði um stefnanda í kvöldfréttatímum Stöðvar 2 28. júlí 2009:
1. *Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að sama dag og tilkynnt var um að íslenska ríkið myndi eignast 75% hlut í Glitni hófust millifærslur á peningum frá Straumi yfir á reikninga á fjölmörgum skattaskjólseyjum. Þar segir að átt í 100 reikningar hafi verið stofnaðir á skattaskjólseyjum á tveimur vikum eftir þjóðnýtingu Glitnis. Umræddar skattaskjólsparadisir eru meðal annars Cayman-eyjar, Tortola, Bresku Jómfrúreyjarnar, Bermunda, Lúxemborg og Hong Kong. Í fréttinni segir að Björgólfsfeðgar [...] hafi tekið þátt í fjármagnsflutningunum.*
 2. *Að auki voru fluttir peningar á reikninga í eigu eignarhaldsfélaganna Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga [...]. [...] Millifærslurnar vor allar í evrum og Bandaríkjadöllum og hljóðaði hver millifærsla upp á hundruðir þúsunda og milljónir í viðkomandi myntum.*
- D. Ummæli, sem stefndi Óskar Hrafn Þorvaldsson, viðhafði um stefnanda í útvarpsviðtali á Bylgjunni þann 28. júlí 2009.
1. *„En hins vegar er það alveg ljóst að í þessu tilfelli þá er þetta kannski svolítið öðruvísi heldur en ef Gunni og Sigga væru að flytja pening, eða Gulli og Heimir, því þarna ertu að tala um menn, menn sem að skulda fullt af peningum, skulda basicly öllum bankastofnunum á Íslandi og í Norður-Evrópu peninga.“*
 2. *„Já og ég meina þetta eru menn sem eru þú veist að einhverju leyti kannski búnir að skilja eftir sviðna jörð, þannig að það gildir kannski svolítið annað um það að þeir séu að flytja peninga úr landi heldur en hinn venjulegi meðal Jón.“*
 3. *„En hins vegar er það alveg klárt og ég trúi því sem heimildarmaðurinn okkar segir, er að það voru stofnaðir 100 reikningar í erlendum skattaskjólum í nafni þessara einstaklinga og einhverra fleiri á þessum tveimur vikum eftir að tilkynnt var um að Glitnir yrði þjóðnýttur og hvort að peningarnir voru í Straumi í eitt ár, einn dag eða eitthvað, það er*

algjört aukaatriði. En þangað til að ég fæ eitthvað frá Straumi um það að hérna að þá stöndum við þessa frétt.“

2. Að stefndu Gunnar Örn Jónsson og Óskar Hrafn Þorvaldsson, verði hvor fyrir sig dæmdir til ýtrustu refsingar fyrir brot gegn 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, og einnig fyrir brot gegn 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum. Jafnframt er þess krafist að þeim verði gerð vararefsing skv. 1. mgr. 54. gr. sömu laga verði þau dæmd til greiðslu sektar.
3. Að stefndu Gunnar Örn Jónsson og Óskar Hrafn Þorvaldsson, verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 1.000.000,- í miskabætur skv. b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 10. október 2009 til greiðsludags.
4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 380.000,- til að kosta birtingu dóms í málinu, þ.e. forsendna og dómsorðs, í tveimur dagblöðum.
5. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu, að viðbættum virðisaukaskatti.

II. MÁLFLUTNINGSUMBOÐ.

Þórunn Guðmundsdóttir hrl., LEX, Borgartúni 26, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir stefnanda.

III. MÁLAVEXTIR.

Mánudagskvöldið 27. júlí 2009 klukkan 18.24 birtist á vefmiðlinum visir.is svohljóðandi frétt undir fyrirsögninni: **Auðmenn forðuðu milljörðum rétt fyrir hrún.**:

„Björgólfur Thor Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson millifærðu milljarða úr Straumi yfir í erlend skattaskjól á sama tíma og tilkynnt var um þjóðnýtingu Glitnis.

Sama dag og tilkynnt var að íslenska ríkið myndi eignast 75% hlut í Glitni hófust millifærslur á peningum frá Straumi og yfir á reikninga á fjölmörgum skattaskjólseyjum.

Hátt í eitt hundrað reikningar voru stofnaðir á skattaskjólseyjunum á tveimur vikum eftir þjóðnýtingu Glitnis. Björgólfsfeðgar, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson voru umsvifamiklir í þessum fjármagnsflutningum.

Að auki voru fluttir peningar á reikninga í eigu eignarhaldsfélaganna Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga og Milestone, sem var í eigu Karls og Steingríms Wernerssona.

Fleiri einstaklingar og eignarhaldsfélög áttu auk þess hlut að máli.

Millifærslurnar voru allar í evrum og bandaríkjadöllum og hljóðaði hver millifærsla upp á hundruðir þúsunda og milljónir í viðkomandi myntum.

Samkvæmt heimildum fréttastofu nam fjármagnið að minnsta kosti sjötíu milljónum evra en það eru tólf komma fimm milljarðar króna.

Umræddar skattaskjólsparáðisir eru meðal annars, Cayman-eyjar, Tortola, Bresku jómfrúreyjarnar, Bermúda, Lúxemborg og Hong Kong.

Samson Global Holdings, félag í eigu Björgólfsfeðga, átti á þessum tíma riflega þriðjung í Straumi. Björgólfur Thor var jafnframt stjórnarformaður Straums.

Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson, fóru fram á þriggja milljarða króna afskrift á dögnum hjá Nýja Kaupþingi og Magnús Þorsteinsson fluttist til Rússlands skömmu áður en Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði hann gjaldþrota þann 4. maí síðastliðinn.

Í byrjun þessa mánaðar var gerð húsleit í höfuðstöðvum Sjóvár og Milestone varðandi hugsanlegar ólöglegar fjárfestingar úr bótasjóði Sjóvár. Að auki var húsleit gerð á heimilum stjórnenda allra fyrrverandi stjórnarmanna Sjóvár og var umræddur Karl Wernersson þar á meðal.

Nánari útskýringar um hvernig fjármagn er flutt til svokallaðra skattaskjólseyja og hvernig fela má slóð og uppruna peninga sem þangað eru fluttir má sjá á fréttavefnum visir.is.

Undir fyrirsögn fréttarinnar er að finna skáletraða textann „Gunnar Örn Jónsson skrifar“ og er þar um að ræða stefnda Gunnar Örn, sem er fréttamaður á sameinaðri fréttastofu Stöðvar 2 og visir.is.

Sama kvöld, þann 27. júlí 2009, var fyrsta frétt kvöldfréttatíma Stöðvar 2 svohljóðandi frétt undir fyrirsögninni: **Millifærðu milljarða rétt fyrir hrun.:**

„Björgólfur Thor Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson millifærðu milljarða úr Straumi yfir í erlend skattaskjól á sama tíma og tilkynnt var um þjóðnýtingu Glitnis.

Sama dag og tilkynnt var að íslenska ríkið myndi eignast 75% hlut í Glitni hófust millifærslur á peningum frá Straumi og yfir á reikninga á fjölmörgum skattaskjólseyjum. Hátt í eitt hundrað reikningar voru stofnaðir á skattaskjólseyjunum á að minnsta kosti tveimur vikum eftir þjóðnýtingu Glitnis. Björgólfsfeðgar, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson voru umsvifamiklir í þessum fjármagnsflutningum. Að auki voru fluttir peningar á reikninga í eigu eignarhaldsfélaganna Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga og Milestone, sem var í eigu Karls og Steingríms Wernerssona. Fleiri einstaklingar og eignarhaldsfélög áttu auk þess hlut að máli. Millifærslurnar voru allar í evrum og bandaríkjadöllum og hljóðaði hver millifærsla upp á hundruðir þúsunda og milljónir í viðkomandi myntum. Samkvæmt heimildum fréttastofu nam fjármagnið að minnsta kosti 70 milljónum evra en það eru 12,5 milljarðar króna. Umræddar skattaskjólsparáðisir eru meðal annars Cayman-eyjar, Tortola, Bresku jómfrúreyjarnar, Bermúda, Lúxemborg og Hong Kong. Samson Global Holdings, félag í eigu Björgólfsfeðga, átti á þessum tíma riflega þriðjung í Straumi Björgólfur Thor var jafnframt stjórnarformaður Straums. Þeir feðgar fóru fram á þriggja milljarða króna afskrift á dögnum hjá Nýja Kaupþingi og Magnús Þorsteinsson fluttist til Rússlands skömmu áður en Héraðsdómur Norðurlands

eystra úrskurðaði hann gjaldþrota þann 4. maí síðastliðinn. Í byrjun þessa mánaðar var gerð húsleit í höfuðstöðvum Sjóvár og Milestone varðandi hugsanlegar ólöglegar fjárfestingar úr bótasjóði Sjóvár. Að auki var húsleit gerð á heimilum stjórnenda allra fyrrverandi stjórnarmanna Sjóvár og var umræddur Karl Wernersson þar á meðal. Nánari útskýringar um hvernig fjármagn er flutt til svokallaðra skattaskjólseyja og hvernig fela má slóð og uppruna peninga sem þangað eru fluttir má sjá á fréttavefnum visir.is“.

Fréttamaðurinn sem flutti fréttina var stefndi Gunnar Örn Jónsson fréttamaður á Stöð 2.

Stefnandi var einn þeirra sem fullyrt var í fréttinni að hefði staðið í þessum fjármagnsflutningum bæði persónulega og í gegnum Samson eignarhaldsfélag ehf., sem stefnandi átti helmingshlut í. Stefnandi kom af fjöllum og kannaðist ekkert við þessa fjármagnsflutninga sem fjallað var um í fréttinni. Stefnandi kom þegar á framfæri leiðréttingu á fréttinni. Sama gerðu hinir þrír sem nefndir voru í fréttinni.

Þriðjudagsmorguninn var stefndi Óskar Hrafn fréttastjóri Stöðvar 2 í viðtali á útvarpsstöðinni Bylgjunni vegna umræddrar fréttar. Viðtalið var svohljóðandi:

„Heimir Karlsson: Stöð 2 sagði frá því í gær að Björgólfur Thor Björgólfsson og Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson og jafnvel Björgólfur Guðmundsson ef ég fer rétt með hafi fært fé skömmu fyrir bankahrunið í skattaparadísar. Hér segir reyndar Björgólfur Thor Björgólfsson í DV, fyrrverandi aðaleigandi fjárfestingarbankans Straums-Burðaráss, að það sé lygi, hann hafi flutt peninga úr Straumi-Burðarási til skattaskjóla um það leyti sem íslenska efnahagshrunið var að hefjast með þjóðnýtingu Glitnis í lok september síðastliðinn en Stöð 2 hélt þessu fram í kvöldfréttum í gær. Nú inntak fréttarinnar var að Björgólfur Thor, Björgólfur Guðmundsson, Magnús Þorsteinsson og Karl Wernersson hefðu flutt milljarða af innistæðum sínum úr Straumi og til skattaskjóla og svo segir Karl í dag í Morgunblaðinu, segist ekki hafa átt krónu í innistæðum eða hlutabréfum hjá Straumi hvað þá hafa fært innistæður í skattaskjól. Hann segir fréttina bull og rugl og furðar sig á svona fréttamennsku.

Gunnlaugur Helgason: Og í símanum er Óskar Hrafn Þorvaldsson, hann er fréttastjóri Stöðvar 2, góðan daginn.

Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2: Góðan daginn.

Gunnlaugur: Hvað hafið þið fyrir ykkur í þessu?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Ja við erum náttúrulega bara með heimildarmenn.

Gunnlaugur: Heimildarmenn?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Já.

Gunnlaugur: Þannig að þið hafið ekkert skjalfest?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Ha?

Gunnlaugur: Það er ekkert skjalfest þá sem þið hafið í höndunum?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Nei, nei það er ekkert skjalfest.

Heimir: Hvaðan eru þessir heimildarmenn?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Ja það er nú vandamálið með heimildarmenn er að þeir hérna njóta trúnaðar fram yfir gröf og dauða, þannig að ég get nú ekki því miður upplýst ykkur þó mig langi mikið til þess.

Heimir: Nei, kannski ekki

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Hver hann er, hvar hann er staðsettur og hverra manna hann er, en það er hins vegar er alveg ljóst að við hefðum aldrei farið út með þessa frétt nema við teldum okkar heimildir vera 100% öruggar, það liggur í hlutarins eðli að menn reka ekki fréttastofu á því að búa til fréttir sem eru, sem menn vita að eru rangar.

Heimir: Þannig að þú getur ekki sagt okkur hvort að viðkomandi komi úr bankageiranum, embættismannageiranum eða?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Nei ég get ekki upplýst um það, ég get hins vegar bara sagt það að þessi einstaklingur er í þannig aðstöðu að hann er í mjög góðri aðstöðu til að vita um þetta mál, þannig að ...

Heimir: Já. Trúverðugur einstaklingur?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Já, mjög trúverðugur einstaklingur, einstaklingur sem hefur, sem að hefur, sem hefur já það er ekki hægt að sjá að hann hafi neinn hag af því að búa til svona hluti.

Gunnlaugur: En nú eru þetta, þetta eru alvarlegar ásakanir.

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Nei þetta eru ekkert alvarlegar ásakanir.

Gunnlaugur: Er það ekki?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Það er bara algjörlega alrangt að segja að þetta séu alvarlegar ásakanir. Við erum eingöngu að segja frá því að þessir menn hafi flutt peninga úr landi, það er ekki bannað, þið getið báðir stofnað reikninga á Cayman og flutt allar milljónirnar sem þið eigið í Landsbankanum yfir og það ekki bannað.

Heimir: En Björgólfur Thor telur þetta þó vera það alvarlegt að hann íhugar að fara í mál við Stöð 2.

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Ja það er greinilegt að hann lítur á fjármagnsflutninga öðrum augum heldur en flestir aðrir. En hins vegar er það alveg ljóst að í þessu tilfelli þá er þetta kannski svolítið öðruvísi heldur en ef Gunni og Sigga væru að flytja pening, eða Gulli og Heimir, því að þarna ertu að tala um menn, menn sem að skulda fullt af peningum, skulda basicly öllum bankastofnunum á Íslandi og í Norður-Evrópu peninga.

Heimir: Og vildu afslátt líka af skuldum sínum held ég.

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Já og ég meina þetta eru menn sem eru þú veist að einhverju leyti kannski búnir að skilja eftir sviðna jörð, þannig að það gildir

kannski svolítið annað um það að þeir séu að flytja peninga úr landi heldur en hinn venjulegi meðal Jón.

Gunnlaugur: En er þá ekki

Óskar Hrafn Þorvaldsson: En alvarlegar ásakanir, ég blæs á það að þetta séu alvarlegar ásakanir.

Gunnlaugur: Já en er það ekki einmitt málið að þess vegna er kannski mjög tæpt að fara með svona frétt í loftið byggða á ja orðrómi eða frásögn ja einhvers manns?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Ja það er bara matsatriði, ég meina við treystum heimildinni okkar, þeirri heimild sem við höfum í þessu máli. Er hún röng? Við höfum bara orð þessara ágætu herra manna fyrir því að þetta sé rangt, við höfum ekki ennþá fengið, ég hef ekki heyrt að Straumur-Burðarás, Straumur hafi gefið út yfirlýsingu um það að þetta sé rangt. Heimildarmaður okkar heldur ennþá fast við það að þetta sé rétt, jafnvel þó að allir þessir ágætu menn hafi komið fram og sagt að þetta sé rangt, helber lygi.

Gunnlaugur: Veistu til þess að þessi heimildarmaður hafi einhverjar sannanir í höndunum, einhverjar handbærar?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Ég held að þessi heimildarmaður hafi ekki sannanir í höndunum nei, enda held ég að það að sannanir í þessum bankageira liggja ekkert endilega sko sérstaklega á lausu sko.

Heimir: En þú myndir ekki hræðast málssókn?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Nei, nei ef þeir telja að það sé það sem þeir hafi, að það sé það besta sem þeir gera við tímann sinn þessir ágætu menn þá verða þeir bara að herna, að herna gera það. Þú veist eina, ef að það kæmi frá Straumi-Burðarás að þeir væru búinir að grandskoða þetta mál og herna það væri enginn fótur fyrir þessu þá að sjálfsögðu biðjast afsökunar, leiðrétta fréttina. En á meðan að það er orð gegn orði hef ég enga ástæðu til að trúa frekar Björgólfi Thor Björgólfssyni, Karli Wernerssyni, Björgólfi Guðmundssyni og Magnúsi Þorsteinssyni frekar heldur en herna, frekar heldur en sko, heldur en heimildarmanninum. Og ég hins vegar sko ... eftir að fréttin fór í loftið og þessi ofsafengnu viðbrögð þessara manna komu fram að þá náttúrulega fórum við að skoða þetta og kafa dýpra í þetta og einhvern veginn, þú veist er þetta vitlaust og eitthvað svona, en við hins vegar, við hins vegar bara treystum okkar heimildarmanni.

Heimir: Já en það kemur nú fram til dæmis í DV í dag að Reynir Vignir, formaður skilanevndar Straums-Burðaráss að hann segir í samtali við DV aldrei hafa heyrt um þessar millifærslur eða séð neinar upplýsingar um þær í bókhaldi bankans og maður spyr, ef þær eru ekki í bókhaldi bankans hvar eru þá upplýsingar sem þessi heimildarmaður þinn gæti hugsanlega hafa séð þær.

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Jú, jú, en er Reynir Vignir búinn að skoða allt bókhald bankans? Þú veist, er það? Það er ekkert, það er skilanevnd Straums er búin að starfa mun skemur heldur en hinar skilanevndirnar.

Heimir: Já, já hann segist ætla að skoða málið betur í dag og komast að raun um það hvort að þessar millifærslur hafi átt sér stað.

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Já, já, ég meina ég held reyndar, ég held reyndar að við gætum líka verið að horfa upp á það að möguleg ónákvæmni okkar sé það sem að þeir hengja sig í, þú veist við gætum verið að tala um það að þetta væru, að þeir hefðu ekki millifært af sínum reikningum í Straumi heldur að Straumur hafi eingöngu verið notaður til þess að, sem tæki til að nota til að flytja peninga úr landi, sem bankastofnun til að flytja peninga úr landi. En hins vegar er það alveg klárt og ég trúi því sem heimildarmaðurinn okkar segir, er að það voru stofnaðir 100 reikningar í erlendum skattaskjólum í nafni þessara einstaklinga og einhverra fleiri á þessum tveimur vikum eftir að tilkynnt var um að Glitnir yrði þjóðnýttur og hvort að peningarnir voru í Straumi í eitt ár, einn dag eða eitthvað, það er algjört aukaatriði. En þangað til að ég fæ eitthvað frá Straumi um það að hérna að þá stöndum við þessa frétt.

Heimir: Munuð þið fylgja fréttinni eftir í dag?

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Að sjálfsögðu.

Heimir: Já, það er nefnilega það. Óskar Hrafn, takk kærlega fyrir spjallið.

Óskar Hrafn Þorvaldsson: Takk, takk.“

Morguninn eftir barst einnig yfirlýsing frá Straumi Burðarási fjárfestingarbanka hf. þess efnis að fréttin væri tilhæfulaus með öllu og til vanvirðu fyrir fréttastofuna.

Þriðjudaginn 28. júlí 2009 óskaði lögmaður stefnanda eftir fundi með fréttastjóra Stöðvar 2, stefnda í máli þessu, Óskari Hrafn. Sá fundur átti sér stað eftir hádegi þann sama dag. Fundinn sátu fréttastjórinn og lögmennt stefnanda Þórunni Guðmundsdóttir hrl. og Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl. Á þeim fundi upplýsti stefndi Óskar Hrafn að fréttastofan hefði byggt fréttina á frásögn eins heimildarmanns og að fréttastofan hefði engin gögn undir höndum. Fréttastjórinn hafnaði því að yfirlýsing Straums Burðaráss fjárfestingarbanka hf. hefði nokkurt gildi, þrátt fyrir orð hans í Bylgjuviðtalinu um morguninn um að draga fréttina til baka ef slík yfirlýsing bærist frá Straumi. Lögmaður stefnanda innti fréttastjórannt eftir því hvort rætt hefði verið við skiptastjóra þrotabús Samson eignarhaldsfélags ehf. Stefndi Óskar Hrafn sagði að það yrði gert.

Að kvöldi sama dags birtist síðan eftirfarandi frétt sem fjórða frétt í kvöldfréttatíma Stöðvar 2. undir fyrrisögninni: **Neita allir að hafa flutt fjármagn frá Íslandi.**

„Björgólfsfeðgar, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson neita allir að hafa flutt fjármagn í gegnum Straum frá Íslandi og yfir í skattaskjól víða um heim um það leyti sem bankahrunið átti sér stað.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að sama dag og tilkynnt var um að íslenska ríkið myndi eignast 75% hlut í Glitni hófust millifærslur á peningum frá Straumi yfir á reikninga á fjölmörgum skattaskjólseyjum. Þar segir að átt í 100 reikningar hafi verið stofnaðir á skattaskjólseyjum á tveimur vikum eftir þjóðnýtingu Glitnis. Umræddar skattaskjólsparáðisir eru meðal annars Cayman – eyjar, Tortola, bresku Jómfrúeyjarnar, Bermunda, Lúxemborg og Hong Kong. Í fréttinni segir að Björgólfsfeðgar, Karl Wernersson og Magnús Þorsteinsson hafi tekið þátt í fjármagnsflutningunum. Að auki voru fluttir peningar á reikninga í eigu

eignarhaldsfélaganna Samson, sem var í eigu Björgólfsfeðga og Milestone sem var í eigu Karls og Steingríms Wernerssona. Fleiri einstaklingar og eignarhaldsfélög áttu auk þess hlut að máli. Millifærslurnar voru allar í evrum og bandaríkjadöllum og hljóðaði hver millifærsla upp á hundruðir þúsunda og milljónir í viðkomandi myntum. Samson Global Holdings, félag í eigu Björgólfsfeðga, átti á þessum tíma ríflega þriðjung í Straumi. Björgólfur Thor var jafnframt stjórnarformaður Straums. Björgólfsfeðgar og Karl Wernersson hafa staðfestlega neitað frétttaflutningnum og segja að farið sé með rangt mál. Björgólfur Thor Björgólfsson segist ekki hafa millifært fé í erlend skattaskjól eins og komi fram í fréttinni. Hann segir að fréttin sé röng og hyggist höfða málsókn gegn fréttastofunni. Faðir hans, Björgólfur Guðmundsson, segir fréttina vera rættinn uppspuna frá rötum og Karl Wernersson segir að það sem komi fram í fréttinni sé alger fjarstæða. Hann hafi ekki millifært fé í erlent skattaskjól. Hann segist aldrei hafa átt eina krónu inni í Straumi, hvað þá heldur millifært eitt né annað þaðan. Auk þess neitar Magnús Þorsteinsson öllum fullyrðingum fréttarinnar.“

Fréttamaður fréttarinnar var sem áður stefndi Gunnar Örn Jónsson.

Þessi frétt var þannig aðeins endurtekning á fréttinni kvöldið áður og myndbirtingar svipaðar. Þá var ekkert minnst á yfirlýsingu Straums Burðaráss fjárfestingarbanka hf. í fréttinni og ekkert minnst á hvort talað hefði verið við skiptastjóra þrotabús Samson eignarhaldsfélags ehf. Lögmaður stefnanda sendi því strax um kvöldið fyrirspurn með tölvupósti til stefnda Óskars Hrafns. Í tölvupóstinum spurðist lögmaðurinn fyrir um það af hverju ekki hefði verið minnst á yfirlýsingu Straums í fréttinni og hvort ekki hefði verið talað við skiptastjóra þrotabús Samson eignarhaldsfélags ehf. Fréttastjórinn svaraði að vörmu spori og sagði að verið væri að vinna frétt á netvefnum visir.is, um samtal við skiptastjóra þb. Samson eignarhaldsfélags ehf. Sú frétt birtist skömmu síðar á visir.is og kom þar fram að skiptastjóri þb. Samson sæi engin merki um háar millifærslur tengdar Samson á því tímabili sem greint var frá í fréttum Stöðvar 2 kvöldið áður.

Þann 29. júlí 2009 birtist stutt frétt í DV á bls. 4 þar sem haft var eftir stefnda Óskari Hrafni að hann treysti heimildarmanni sínum, aðspurður út í umræddan frétttaflutning Stöðvar 2. Þá var ennfremur haft orðrétt eftir stefnda Óskari Hrafni í sömu frétt: „Á meðan það eru engin gögn komin fram um málið og enginn hefur gert annað en að senda frá sér geðvonskulugar yfirlýsingar, þá stöndum við þessa frétt. Við skuldum engum afsökunarbeiðni.“

Þegar liðin var vika án þess að leiðrétting á fréttinni birtist á Stöð 2 eða frásögn af yfirlýsingu Straums eða skiptastjóra þb. Samson, sendi lögmaður stefnanda stefnda Óskari Hrafni nýjan tölvupóst 5. ágúst 2009 og spurðist fyrir um það hvort til stæði að draga fréttina til baka. Stefndi svaraði og sagði að fréttastofan myndi hvorki draga fréttina til baka né gefa út sérstaka yfirlýsingu vegna hennar.

Stefnandi telur sig tilknúinn til að leita til dómstóla til að fá tilgreind ummæli í þessum tveimur fréttatímum Stöðvar 2, ummæli á vefmiðlunum visir.is og ummæli sem stefndi Óskar Hrafn viðhafði í Bylgjuviðtalinu dæmd dauð og ómerk. Ummæli eins og þau sem stefndu viðhöfðu í umræddum fréttum og viðtali eru ósönn og geta skaðað orðspor og ímynd stefnanda.

Rétt er að taka fram að bú stefnanda var tekið til gjaldprotaskipta 31. júlí síðastliðinn. Skiptastjóri í þrotabúinu er Sveinn Sveinsson hrl. og liggur fyrir yfirlýsing hans þess efnis þrotabúið gerði ekki athugasemd við málshöfðunina.

MÁLSÁSTÆÐUR.

1. Aðild stefndu að málinu.

Um aðild stefnda Gunnars Arnar Jónssonar er vísað til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, þar sem ljóst má vera að stefndi Gunnar Örn teljist nafngreindur höfundur fréttarinnar sem birtist á visir.is þann 27. júlí 2009 í skilningi framangreinds ákvæðis. Þá er jafnframt um aðild stefnda Gunnars Arnar vísað til a-liðar 26. gr. útvarpslaga, en ljóst er að með flutningi sínum á fréttum þeim er mál þetta varðar í kvöldfréttatímum Stöðvar 2 dagana 27. og 28. júlí 2009, telst hann flytjandi efnis í eigin nafni í skilningi a-liðar framangreinds ákvæðis.

Um aðild stefnda, Óskars Hrafns Þorvaldssonar, er vísað til a-liðar 26. gr. útvarpslaga. Ljóst má vera að hann telst ábyrgur fyrir þeim ummælum sem hann lét falla í útvarpsviðtali á Bylgjunni þann 28. júlí 2009 sem flytjandi efnis í eigin nafni sbr. ofangreint ákvæði laganna.

Með vísan til þess er segir hér að framan er ljóst að stefndu bera refsí- og fébótaábyrgð á efni umfjöllunar um stefnanda í kvöldfréttum Stöðvar 2 dagana 27. og 28. júlí, á vefmiðlinum visir.is og í útvarpsviðtali á Bylgjunni þann 28. júlí 2009.

Um heimild stefnanda til að sækja mál þetta á hendur báðum stefndu í sama málinu er vísað til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

2. Almennt um kröfu stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum að framangreind ummæli stefndu sem krafist er ómerkingar á og refsingar fyrir feli í sér bæði ærumeiðandi móðgun og aðdróttun í hans garð og þar með brot á 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Umrædd ummæli eru bæði röng og með öllu tilefnislaus auk þess sem framsetning þeirra í heild er ærumeiðandi svo sem framlögð endurrit af kvöldfréttatímum Stöðvar 2, vefmiðlinum visir.is og Bylgjunni bera með sér. Þá voru myndbirtingar með fréttunum tveimur á Stöð 2 sérstaklega villandi. og særandi. Þá byggir stefnandi á því að stefndu hafi viðhaft umræddar aðdróttanir gegn betri vitund eða í öllu falli án þess að sennileg ástæða væri til að ætla þær réttar og í þeim felist því einnig brot á 236. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum nýtur stefnandi æruverndar fyrir meiðandi og traustspillandi ummælum eins og þeim sem stefndu viðhöfðu í umræddum kvöldfréttatímum Stöðvar 2, á vefmiðlinum visir.is og útvarpsviðtali á Bylgjunni. Hin ósönnu ummæli lýsa við núverandi samfélagsaðstæður fyrirlitningu í hans garð og eru til þess fallin að varpa rýrð á mannorð stefnanda og ala á úlfúð í hans garð á meðal almennings.

Stefnandi byggir enn fremur á því að með umfjöllun sinni hafi stefndu brotið gegn friðhelgi einkalífs hans, sem nýtur verndar 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sem og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Hugtakið einkalíf í skilningi framangreindra ákvæða er víðtækt og felur m.a. í sér vernd fyrir árásum á æru og mannorð. Telja verður að vernd einkalífs sé sérstaklega mikilvægt á umbrotatímum þeim sem nú standa yfir og efnahagslegar þrengingar steðja að, með þeim afleiðingum að reiði margra beinist í auknum mæli að þeim einstaklingum sem fengist hafa við fjárfestingar og viðskipti. Hið tillitslausa, tilefnislausa og meiðandi samhengi sem áður hefur verið rakið, eykur á alvarleika friðhelgisbrots stefndu gagnvart stefnanda.

Stefnandi telur ummæli stefndu falla utan við þann rétt manna til að láta í ljós skoðanir sínar sem þeim er tryggður í 73. gr. stjórnarskrárskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Tjáningarfrelsi eru settar skorður vegna réttinda og mannorðs annarra svo sem fram

kemur í 2. mgr. beggja tilvitnaðra ákvæða. Ákvæði 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga eru lögbundnar takmarkanir á tjáningarfrelsinu í samræmi við þessa heimild. Þá er að sama skapi ljóst að 71. gr. stjórnarskrárinnar setur tjáningarfrelsi samkvæmt 73. gr. ákveðnar skorður og stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi getur því ekki verið skálkaskjól til að ráðast með tilhæfulausum hætti á æru og mannorð samborgara sinna.

Gagnrýnin umræða er eðlileg og mikilvægt að hún fari fram. Gagnrýni verður þó að vera málefnaleg og beinskeytt og laus við órökstuddar og meiðandi dylgjur og aðdróttanir í annarra garð. Umfjöllun stefndu um stefnanda fólu ekki í sér málefnalega gagnrýni heldur virtust ummæli stefndu hafa þann tilgang einan að vega að æru stefnanda og raska með því þeirri friðhelgi sem stefnandi á rétt til að njóta.

Gera verður þá ótvíræðu kröfu til fjölmiðla að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum. Þeim ber því að kanna réttmæti alvarlegra ummæla sem þeir dreifa og gæta hófs í framsetningu þeirra. Slík vinnubrögð voru ekki viðhöfð, heldur látið við það sitja að styðjast við einn heimildarmann sem hafði engin gögn undir höndum svo sem fram kemur í ummælum stefnda Óskars Hrafns í umræddu viðtali á Bylgjunni þann 28. júlí síðast liðinn. Þá var enginn reki gerður að því að miðla fram komnum upplýsingum sem styðja málstað stefnanda, en svo sem áður greinir gaf Straumur Burðarás fjárfestingarbanki hf. út yfirlýsingu þar að lútandi auk þess sem skiptastjóri þrotabús Samson lýsti því að engar millifærslur hefðu átt sér stað. Í því sambandi skal áréttað að þó svo að frétt hafi birst í vefmiðlinum visir.is þar sem greint var frá umræddri yfirlýsingu skiptastjóra þrotabús Samson telst það á engan hátt fullnægjandi viðleitni í þá veru enda fráleitt um sambærilega miðlun og í kvöldfréttum Stöðvar 2 að ræða.

Um staðhæfingu um staðreyndir er aukinheldur að ræða og því verður að gera þá kröfu að stefndu geti sannað þær staðhæfingar með þeim aðferðum sem almennt eru viðurkenndar í réttarfari. Öðru máli kynni að gegna ef um gildisdóm væri að ræða, en þeir njóta almennt ríkari verndar á grundvelli tjáningarfrelsis.

Öll hin tilvitnuðu ummæli sem dómkröfur stefnanda í máli þessu lúta að eru röng og fela því í sér meiðandi móðgun og aðdróttun í garð stefnanda auk þess sem framsetning þeirra í heild er til þess fallin að valda honum verulegum mannorðshnekki svo sem framlagðar upptökur úr kvöldfréttum Stöðvar 2 bera glögglega með sér.

3. Rökstuðningur fyrir kröfu um að tilgreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Krafa stefnanda um að þau ummæli stefndu sem tilgreind eru í staflíðum A-D í fyrsta kröfulið verði dæmd dauð og ómerk er reist á 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Umrædd ummæli eru öll í senn móðgandi og fela í sér aðdróttun þannig að varði við 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga og hagsmunir stefnanda af því að þau verði dæmd dauð og ómerk ótvíræðir.

Þau ummæli sem stefndi Gunnar Örn viðhafði og tilgreind eru í fyrsta kröfulið A, B og C eru að sama skapi tilhæfulaus ósannindi sem við núverandi samfélagsaðstæður lýsa bæði andúð í garð stefnanda og eru til þess fallin að verða virðingu hans til hnekkis. Í þeim felst því á sama hátt bæði meiðandi móðgun sem varðar við 234. gr. almennra hegningarlaga og aðdróttun sem varðar við 235. gr. sömu laga. Í því sambandi verður að átelja sérstaklega að stefndi Gunnar Örn viðhafði þau ummæli sem tilgreind eru í fyrsta kröfulið A og B án þess að kanna sannleiksgildi þeirra með viðhlítandi hætti sem verða að teljast vítaverð vinnubrögð af hálfu fjölmiðlamanns. Aukinheldur viðhafði hann þau ummæli sem tilgreind eru í fyrsta kröfulið C eftir að framlögð yfirlýsing Straums Burðarás fjárfestingarbanka hf. var gefin út, eftir að fyrir lá að skiptastjóri þrotabús Samson eignarhaldsfélags ehf. kannaðist ekki við slíkar millifærslur og eftir að stefnandi hafði upplýst að um uppspuna væri að ræða. Þau

ummæli sem tilgreind eru í fyrsta kröfulið A, B og C varða því einnig við 236. gr. almennra hegningarlaga þar sem þau voru viðhöfð gegn betri vitund eða í öllu falli án þess að sennileg ástæða til að halda þau rétt væri fyrir hendi.

Þau ummæli sem stefndi Óskar Hrafn viðhafði og tilgreind eru í fyrsta kröfulið D, eru líkt og þau ummæli sem áður greinir uppspuni og þar að auki bæði óviðurkvæmileg og smekklaus. Þau lýsa á sama hátt og fyrr fyrirlitningu í garð stefnanda og eru til þess fallin að valda honum verulegum álitshnekki við núverandi aðstæður. Í þeim felst því á sama hátt bæði meiðandi móðgun sem varðar við 234. gr. almennra hegningarlaga og aðdróttun sem varðar við 235. gr. sömu laga. Þá varða þau ummæli sem tilgreind eru í kröfulið D, einnig við 236. gr. almennra hegningarlaga þar sem stefnda Óskari Hrafn var svo sem fram kom í viðtalinu fulljóst að ekki lægju fyrir fullnægjandi gögn til að styðja þau.

Af framangreindu má vera ljóst að þau ummæli sem krafist er að dæmd verði dauð og ómerk fela öll í sér ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir í garð stefnanda og varða því við 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Þá liggur ljóst fyrir að stefndu viðhöfðu ummælin gegn betri vitund eða í öllu falli án þess að hafa sennilega ástæðu til að ætla innihald þeirra rétt og þau varða því einnig við 236. gr. almennra hegningarlaga.

4. Krafa um refsingu

Krafa stefnanda um að stefndu verði dæmdir til ýtrustu refsingar fyrir brot á 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga er reist á sömu rökum og krafa hans um að hin tilgreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Tilgreind ummæli fela svo sem að framan greinir öll í sér ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir sem refsingu varðar að viðhafa eða bera út. Þá viðhöfðu stefndu umrædd ummæli gegn betri vitund eða í öllu falli án þess að hafa sennilega ástæðu til að ætla innihald þeirra rétt og brutu því einnig gegn 236. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem áður greinir er ljóst að brot stefndu eru í öllum tilvikum alvarleg. Stefndu eru fjölmiðlamenn sem gera verður ríkar kröfur til að starfi í samræmi við lýðræðislegar grundvallarreglur. Það gerðu þeir svo sannarlega ekki í því tilviki sem hér um ræðir heldur viðhöfðu þeir váleg ósannindi um stefnanda án þess að gera nokkra tilraun til að kanna sannleiksgildi þeirra eða gefa honum kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður. Í þeirri skálmöld sem nú ríkir í íslensku samfélagi lýsa öll hin tilgreindu ummæli bæði andúð í garð stefnanda og eru til þess fallin að verða virðingu hans til hnekkis. Stefndu bera ábyrgð á þeim ummælum sem um er að ræða, þar með talið rakalausum ásökunum þriðja aðila, sem þeir miðluðu til allra landsmanna án viðhlítandi rannsóknar. Til þessa ber að líta við ákvörðun refsingar.

Um heimild stefnanda til að höfða einkarefsimál vísast til 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt því ákvæði er þeim sem misgert er við heimilt að sækja sjálfur slík mál fyrir dómstólunum.

5. Krafa um greiðslu miskabóta

Krafa stefnanda um miskabætur úr hendi stefndu er reist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem fram kemur að heimilt sé að gera þeim sem ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns að greiða þeim sem misgert var við miskabætur.

Stefnandi telur öll framangreind ummæli fela í sér ólögmæta meingerð í skilningi ákvæðisins sem stefndu bera ábyrgð á samkvæmt áður tilvitnuðum ákvæðum prent- og útvarpslaga. Stefnandi telur virðingu sína hafa beðið verulega hnekki, sem og æra hans og persóna auk þess sem umrædd ummæli fengu mjög á hann andlega. Í umfjöllun stefndu er stefnanda

ranglega borið á brýn að hafa millifært verulegar fjárhæðir út úr landinu stuttu áður en þeir atburðir gerðust sem segja má að hafi markað upphaf á þeim efnahagslegu ógöngum sem Ísland hefur undanfarna mánuði gengið í gegnum og sér ekki fyrir endan á. Umfjöllun stefndu gefur öll í skyn að stefnandi hafi með hinum meintu fjármagnsflutningum skotið undan umtalsverðum fjármunum úr landinu og elur þar með á reiði almennings. Þannig er ekki eingöngu um það að ræða að ummæli stefndu hafi þau áhrif að virðing og æra stefnanda hafi borið hnekki, heldur ógna þau einnig öryggi hans. Í þessu sambandi verður að hafa hugfast það ástand sem nú er uppi í þjóðfélaginu og hvaða áhrif slíkar ásakanir eru til þess fallnar að hafa við þær aðstæður. Stefnandi bendir á að í kjölfar hinna meiðandi ummæla hafa stefnda borist hótanir símleiðis þar sem beinlínis er vísað til þeirra fréttu sem mál þetta varðar.

Sem fyrr segir eiga aðdróttanir þær sem koma fram í umfjöllun stefndu ekki við nein rök að styðjast. Umfjöllunin í heild sinni byggir á upplýsingum sem beinlínis eru rangar og stefndu gerðu engar viðhlítandi ráðstafanir til að kanna sannleiksgildi þeirra áður en þeim varð miðlað til landsmanna. Megintilgangur umfjöllunarinnar virðist hafa verið sá að vekja upp þær ranghugmyndir hjá áhorfendum og hlustendum að stefnandi hafi flutt milljarða úr landi í öruggt skjól sér til handa, og er framsetning hennar í heild verulega til þess fallin að svarta ímynd stefnanda. Til viðbótar verður að hafa í huga að stefndi Óskar Hrafn, sem jafnframt er fréttastjóri fréttastofu Stöðvar 2, hefur verið ófánlegur til þess að draga umræddar fréttir til baka eða til þess að leiðrétta umfjöllun sína á annan hátt.

Í þessu sambandi vísar stefnandi jafnframt til þess að stefndu starfa hjá stærsta fjölmiðlafyrirtæki landsins, sem rekið er í hagnaðarskyni. Stefnandi leggur sérstaka áhersla á að brot stefndu gegn hagsmunum stefnanda hafi verið liður í atvinnurekstri umrædds fjölmiðlafyrirtækis og beinlínis sett fram sem „vara“ eða „afurð“ sem umrætt fjölmiðlafyrirtæki seldu með útsendingu sinni. Þannig hafði fjölmiðlafyrirtæki það sem stefndu starfa hjá hagnað af brotum starfsmannanna. Þá bendir stefnandi á að hin umstefndu ummæli birtust í kvöldfréttatímum Stöðvar 2 sem sendir eru út til nánast allra landsmanna í opinni dagskrá, auk þess sem hægt er að nálgast útsendinguna á vefmiðlinum visir.is. Þannig er hægt að nálgast umrædd ummæli hvaðanæva að úr heiminum í gegnum vefsíðuna.

Samkvæmt öllu framangreindu er um ólögmeita meingerð að ræða sem augljóslega er til þess fallin að valda stefnanda miklu andlegu tjóni. Enn fremur fela nefnd ummæli í sér brot á ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem og ákvæðum 234., 235. og að hluta til 236. gr. almennra hegningarlaga. Fjárhæð miskabótakröfu stefnanda getur ekki talist annað en hófleg í þessu tilliti.

Upphafstími dráttarvaxta af miskabótakröfu stefnanda miðast við þann dag er mánuður er liðinn frá þingfestingu máls þessa, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

6. Krafa um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms:

Krafa stefnanda um greiðslu kostnaðar við birtingu dóms í málinu er byggð á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Fjárhæðin sem krafist er skv. þessum kröfuflið, þ.e. kr. 380.000,- er miðuð við verðskrá Morgunblaðsins. Gert er ráð fyrir því að hæfileg auglýsing myndi kosta 95.466,- með VSK, þ.e. miðað við verðskrá auglýsinga hjá Morgunblaðinu um grunnverð auglýsinga á hægri síðu. Miðað er við auglýsingu sem er 60 dálksentimetrar. Gert er ráð fyrir tveimur birtingum í Morgunblaðinu og tveimur í Fréttablaðinu og miðað við að verð auglýsinga sé sambærilegt í hvorum miðli.

VI. ÁSKORUN UM FRAMLAGNINGU GAGNA

Stefnandi skorar á stefndu að leggja fram afrit af útsendingu umræddra tveggja fréttu úr fréttatímum Stöðvar 2 27. og 28. júlí 2009.

VII. LAGARÖK.

Um lagarök vísar stefnandi til 234., 235., 236, 241. og 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994, 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, 26. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Varðandi málskostnaðarkröfuna vísast til 1. mgr. 130., sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varðandi lagarök að öðru leyti vísast til kaflans um málsástæður hér að framan.

VIII. SÖNNUNARGÖGN.

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

- Nr. 1. Stefnu
2. Skjalaskrá
3. Frétt á vefmiðlinum visir.is, 27. júlí 2009.
4. Endurrit fréttar í kvöldfréttatíma Stöðvar 2, 27. júlí 2009.
5. Endurrit fréttar í kvöldfréttatíma Stöðvar 2, 28. júlí 2009.
6. Endurrit viðtals við stefnda Óskar Hrafn, á útvarpsstöðinni Bylgjunni, 28. júlí 2009.
7. Frétt á bls. 4 í DV, 29. júlí 2009.
8. Yfirlýsing Straums Burðaráss fjárfestingarbanka hf., dags. 28. júlí 2009.
9. Endurrit fréttar af visir.is, yfirlýsing skiptastjóra Samson, dags. 28. júlí 2009.
10. Bréf skiptastjóra þb. Björgólfs Guðmundssonar, dags. 27. ágúst 2009, til stefnanda.
11. Samantekt Fjölmíðlavaktarinnar á tengdum fréttum á tímabilinu 20. júlí til 4. ágúst 2009.
12. Verðskrá auglýsingadeildar Morgunblaðsins.
13. Tölvupóstsamskipti lögmanns stefnanda við stefnda Óskar Hrafn, dags. 28. júlí 2009.

IX. SKÝRSLUTÖKUR.

Áskilinn er réttur til að leiða aðila og vitni ef þurfa þykir.

FYRIRKALL

Fyrir því stefnist hér með Óskar Hrafni Þorvaldssyni, kt. 251073-5039, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi og Gunnari Erni Jónssyni, kt. 261181-5689, Rjúpufelli 5, 111 Reykjavík, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal embættisins nr. 102, hinn 10. september 2009 kl. 10:00, mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar.

Reykjavík, 3. september 2009
f.h. stefnanda



Þórunn Guðmundsdóttir hrl.